

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 394/1980 um uppbót á elli- og örorkulífeyri og örorkustyrk vegna rekstrar bifreiða hreyfihamlaðra.

1. gr.

5. gr. hljóði svo:

Uppbót skal á síðari helmingi ársins 1981 nema nýkr. 1 500 og vera hin sama handa öllum þeim er hennar njóta.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 1. gr. laga nr. 36/1980 um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. júlí 1981.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ragnhildur E. Þórðardóttir.

REGLUGERÐ

um veiðar á loðnu á haustvertíð 1981 og vetrarvertíð 1982.

1. gr.

Frá útgáfudegi reglugerðar þessarar þar til annað verður ákveðið eru íslenskum skipum, öðrum en þeim er frá greinir í 2. gr., bannaðar allar loðnuveiðar.

2. gr.

Frá og með 10. ágúst 1981, þar til annað verður ákveðið er þeim skipum, er talin eru hér á eftir, heimilt að veiða eftirgreint magn af loðnu:

Nafn skips og umdæmisnúmer:	skipaskrárn.:	Leyfilegt aflamagn:
Albert GK 31	1046	10 800
Ársæll KE 17	0965	9 400
Beitir NK 123	0226	16 800
Bergur VE 44	0968	10 000
Bjarni Ólafsson AK 70	1504	14 800
Börkur NK 122	1293	15 100
Dagfari ÞH 70	1037	10 200
Eldborg HF 13	1525	18 800
Fífill GK 54	1048	11 000
Gígja RE 340	1011	11 900
Gísli Árni RE 375	1002	11 000
Grindvíkingur GK 606	1512	14 800
Guðmundur RE 29	1272	13 300
Gullberg VE 292	1401	10 800
Hafrún ÍS 400	1050	11 000